

Vegagerðin  
Haukur Jónsson  
Miðhúsavegi 1  
600 Akureyri

Reykjavík 16. nóvember 2020  
UST202011-092/B.S.  
10.05.03

**Efni: Arnstapavegur í Þingeyjarsveit - færsla heimreiðar. Umsögn**

Vísað er til bréfs Vegagerðarinnar skráð 12. nóvember sl. þar sem Vegagerðin óskar leyfis til að breyta tengingu heimreiðar að bænum Arnstapa og Hringvegur á stuttum kafla.

Framkvæmdin er innan svæðis nr. 520 á náttúruminjaskrá, því þarf ekki að afla leyfis Umhverfisstofnuna heldur þarf að leita umsagnar stofnunarinnar.

Verndargildi svæðisins er talið vera: „*Fjölbreytt landslag, stöðuvatn, framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur.*“

Framkvæmdum er að líkindum lokið og telur Umhverfisstofnun að hún muni ekki skerða verndargildi svæðisins þar sem framkvæmdin er á lítt grónum og sléttum mel og er í sjálfu sér mjög lítil framkvæmd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina en þá að fjarlægja eigi aflagða tengingu heimreiðar við Hringveginn.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Afrit: Þingeyjarsveit